

9. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

10. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

11. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júní 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ**fyrir dóma á hrossakynbótasýningum 1998.**

1. gr.

Gjöld fyrir dóma á hrossakynbótasýningum 1998 skulu vera sem hér segir:

Gjald til Bændasamtaka Íslands, kr. 924 á hvert hross.

Gjald til búnaðarsambands sem er sýningaraðili, kr. 1.887 á hvert hross.

Til viðbótar gjöldum þessum er Bændasamtökum Íslands eða búnaðarsambandi heimilt að innheimta sérstakt vallargjald, allt að kr. 500 á hvert hross, ef eigandi sýningar- aðstöðu krefst leigu.

2. gr.

Á gjöld samkvæmt 1. gr. leggst virðisaukaskattur, 24,5%. Heimilt er að veita afslátt frá gildandi gjaldskrá.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 70/1998 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júlí 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 377/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. rg. nr. 377/1998 gildir eftirfarandi tafla um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll á blaðlauk, hvítkáli, spergilkáli og gulrótum og næpum:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-09.08.98	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	10.08.-23.08.98	ótilgr.	7,5	57
0703.9001	Blaðlaukur	24.08.-06.09.98	ótilgr.	15	114
0703.9001	Blaðlaukur	07.09.-30.09.98	ótilgr.	22,5	171
0704.9001	Hvítkál	01.07.-12.07.98	ótilgr.	22,5	59
0704.9004	Spergilkál	01.07.-12.07.98	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	13.07.-26.07.98	ótilgr.	15	141
0704.9004	Spergilkál	27.07.-02.08.98	ótilgr.	22,5	212
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-12.07.98	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	13.07.-19.07.98	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	20.07.-16.08.98	ótilgr.	22,5	102

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3 júlí 1998.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Norðmann.